

Samkvæmt því, sem þannig er tekið fram, vil jeg hjer með þjónustusamlega skora á yður, herra landshöfðingi, að taka umgetin atriði með því, sem stendur í sambandi við þau til ihugunar og að láta ráðgjafanum í tje þóknanleg ummæli yðar um málið, svo og ef til vill frumvarp til þeirra nýju lagaákvæðana, er ástæða gæti verið til að leggja fyrir alþingi til þess að koma skipulagi á þetta málefni». **180**
4. des.

Jafnframt því að tjá yður þetta, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar vil jeg hjer með þjónustusamlega skora á yður að brýna fyrir lögreglustjórum í þeim hjeruðum umdæmis yðar, þar sem Norðmenn stunda umgetna síldarveiði að fara nákvæmlega eptir fyrirmælum mínum í brjefum frá 3. maí og 7. júní þ. á. (Stjórnartíð. B. 82 og 95) um skyldur utanríkismanna, er vilja stunda fiskiveiðar hjer við land í landhelgi, til að gjörast þegnar hins danska ríkis og útvega sjer lögheimili hjer á landi í raun og veru, svo og eptir því sem segir í brjefi mínu frá 26. júlí þ. á. (Stjtið. B. 115) um spítalagjald af nefndri síldarveiði. Einnig vil jeg biðja yður að útvega og senda hingað sem fyrst nákvæma skýrslu um, hvort og hvernig Norðmenn þeir, er á yfirstandandi ári hafa stundað síldarveiðar á fjörðum landsins hafa fullnægt nefndum fyrirmælum.

— *Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna um aldursleyfi við Möðruvallaskólann.* — Út af brjefi stiptysfirvaldanna frá 3. f. m. fellst jeg hjer með á, að stiptysfirvöldin, þegar sjerstakar ástæður mæla fram með því, samþykki undanþágur frá fyrirmælum 3. greinar C. reglugjörðar fyrir gagnfræðaskólann á Möðruvöllum frá 12. júní þ. á. um aldurstakmörk fyrir inntöku í skóla þennan. **181**
6. des.

— *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um lán til að byggja barnaskóla.* — Í þóknanlegu brjefi frá 15. f. m. hafið þjer, herra bæjarfógeti, fyrir hönd bæjarstjórnarinnar farið þess ú leit, að bæjarstjórninni verði veitt 20—25000 kr. lán af viðlagasjóði með 6% árlegri afborgun og leigu til þess næsta ár að byggja barnaskólahús. **182**
7. des.

Sökum þessa vil jeg samkvæmt tilskipun 20. apríl 1872, 19. gr., um bæjarstjórn í Reykjavík hjer með veita samþykki mitt til að taka nefnt lán, og bæti jeg því við, að lánið mun fást útborgað úr viðlagasjóði næsta sumar, svo framarlega sem þá verða nóg peningarád til þess fyrir höndum.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður og vesturumdæminu um þóknun handa þjóðjardarlandseta.* — Í brjefi frá 9. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður lagt það til, að ábúanda Kirkjubæjarklausturs jardarinnar Breiðabólstaðar Kristófer Þorvarðssyni verði veitt uppgjöf á hálfri landskuld sinni um 1 ár sem þóknun fyrir þá endurbót, er hann hefir gjört á býli sínu með því að flytja bæinn úr votlendri lægd upp á hæzta túnið, og getið þjer þess, að þessi þóknun muni eptir nógildandi verðlagsskrá nema 14 kr. 65 a. **183**
10. des.

Samkvæmt því, sem þjer þannig hafið tekið fram, fellst jeg eptir atvikum á, að beiðandinn fái uppgjöf þá, er hann hefir sótt um.